
STARFSSKÝRSLA
1998-2000



Umsjón: Hrafn Magnússon
Hönnun og prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf
Hönnun kápu: Hvíta húsið
Ljósmyndir: Anna Fjóra Gísladóttir (bls.4), Jóhannes Long (bls. 6), Gunnar Hannesson

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Ávarp stjórnarformanns	4
Stofnfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	5
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	5
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	6
Fræðslufundur	7
Samstarfsverkefni um framþróun verðbréfamarkaðarins	8
Merki Landssamtaka lífeyrissjóða	8
Erlent samstarf	9
Fulltrúaráð LL	9
Umsagnir um frumvörp	10
Stefnumörkun LL	12
Nýtt samkomulag um samskiptareglur lífeyrissjóða	12
Önnur verkefni	13
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	15
Ársreikningur	17



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Þegar litið er yfir starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða á fyrsta starfsári þeirra, finnst mér koma vel í ljós að hún var bæði þróttmikil og öflug. Ég er ekki í neinum vafa um að með stofnun LL var stigið mjög veigamikilið skref til hagsbóta fyrir sjóðfélaga lífeyrissjóðanna. Að öðrum ólöstuðum voru fremstir í þeim flokki formenn eldri lífeyrissjóðasambandanna, þeir Hallgrímur

Gunnarsson og Þorgeir Eyjólfsson. Starfsemi LL fór strax vel af stað eftir stofnfund, enda nutu samtökin þess að taka við verkefnum Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða og koma þeim áleiðis í frekari vinnslu.

Í lögum Landsamtaka lífeyrissjóða er hlutverk þeirra mjög skýrt afmarkað í nokkrum liðum, en í raun segir fyrsta greinin allt sem þarf að segja, en þar stendur: „*Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga.*“ Allt okkar starf mótast af þessu megin hlutverki, hvort sem verið er að koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld, fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis eða vinna að útgáfu- og fræðslumálum.

Í þeirri stjórn LL, sem kjörin var á stofnfundi eiga bæði sæti framkvæmdastjórar og stjórnarmenn aðildarsjóðanna. Hefur þetta samband reynst ákaflega vel, en með þessu samvinnast mikil reynsla framkvæmdastjóranna og tenging stjórnarmanna við baklandið, einkum hagsmunasamtök launþega og atvinnurekenda. Ég fullyrði að þetta gerir stjórnina mun hæfari til að takast á við og leysa þau mörgu og oft erfiðu mál, sem inn á borð hennar koma.

Eitt af fyrstu verkefnum hennar var ákvörðun um nauðsyn þess að vinna ítarlega stefnumótun fyrir LL. Í stefnumótuninni er farið yfir stöðu lífeyrissjóðakerfisins auk þess sem rýnt var ein fimm ár inn í framtíðina. Eftirfarandi var m.a. sagt um þáverandi stöðu: „*Óhætt er að fullyrða að íslenska lífeyrissjóðakerfið sé nú á ákveðnum tímamótum. Við búum við traust kerfi með mikilli sjóðsöfnun, samtryggingu og með aðild nær allra starfandi manna. Ný lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða festa í sessi núverandi kerfi og treysta undirstöður þess.*“

Þegar litið var til framtíðarinnar fyrir um einu ári kom eftirfarandi spá fram: „*Landssamtök lífeyrissjóða sjá fyrir sér að á næstu 5 árum muni landsmenn búa við það lífeyrissjóðakerfi sem nú hefur verið lögfest á Alþingi með sérstakri löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða. Líkur eru á því að á næstu 5 árum verði lífeyrissjóðalögin endurskoðuð og að gerðar verði lítills háttar breytingar á löggjöfinni. Þó mun endurskoðunin leiða af sér að fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna verða auknar og meira frelsis mun gæta á því sviði en nú.*“

Hluti þessa er þegar kominn fram eftir að lögfestar voru breytingar á lögnum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem meginbreytingin er á reglum um fjárfestingarheimildir. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stjórnar LL til að opna þessar heimildir alveg eða lyfta þakinu af hlutabréfakaupum upp í a.m.k. 60%, varð niðurstaða Alþingis sú að miða við 50% markið. Áfangasigur hefur þannig náðst en nauðsynlegt er að strax á næsta ári verði þessar heimildir auknar í a.m.k. 60% af eignum, eða verði ótakmarkaðar með öllu, sem full rök eru fyrir. Reynslan erlendis sýnir að þeim mun færri bönn og takmarkanir á fjárfestingum, þeim mun betri ávöxtun ná lífeyrissjóðirnir. Það er ekkert sem réttlætir að takmarka með lögum heimildir lífeyrissjóðanna til að fjárfesta með hliðsjón af þeim bestu kjörum sem eru boðin á hverjum tíma.

Þrátt fyrir þær takmarkanir sem sjóðirnir búa við í fjárfestingum sínum er ljóst að fjárhagsafkoma þeirra er allt önnur og betri en hún var fyrir aðeins fáeinum árum. Nú eiga sjóðirnir fyrir skuldbindingum sínum, sem m.a. er að koma fram sem verulegar kjarabætur í auknum lífeyrisréttindum til sjóðfélaga.

Í þeim kjarasamningum sem undirritaðir hafa verið að undanfögnu hefur yfirleitt verið samið um framlag launagreiðanda til viðbótarlífeyrissparnaðar. Þessi viðbótarparnaður bætir ekki aðeins hag sjóðfélaga þegar kemur til töku lífeyris, hann hefur ekki síður þau áhrif að draga úr þenslu í efnahagslífinu. Í heildina sýnir þetta enn betur hversu jákvæð og mikilvæg starfssemi lífeyrissjóðanna er í íslensku efnahagsumhverfi.

Stjórn LL hefur á liðnu starfsári gert hvað hún hefur getað til að undirstrika þetta mikilvægi lífeyrissjóðanna. Til að auðvelda þá vinnu var m.a. opnuð heimasíða LL á netinu og fær hún þegar mjög margar heimsóknir á degi hverjum. Þótt allmikilið efni sé þegar til staðar er enn fyrirhugað að bæta miklu efni við. Ég tel víst að heimasíðan verði einn mikilvægasti hlekkurinn í öflugu starfi LL í framtíðinni.

Að lokum vil ég færa þeim fjölmörgu einstaklingum, sem unnið hafa með og fyrir Landssamtök lífeyrissjóða á því starfsári sem er að liða, bestu þakkir fyrir samvinnuna. Samstarfsfólki mínu í stjórn þakka ég fyrir góða samheldni og stuðning í mörgum erfiðum málaflokkum. Öllum ákvörðunum stjórnar hefur okkar ágæti framkvæmdastjóri, Hrafn Magnússon, leitast við að leiða til lykta, sem honum hefur jafnan tekist einstaklega vel. Ég veit að allir sem þurft hafa að leita til Hrafns færa honum bestu þakkir. Það gera stjórnarmenn einnig og sérstaklega ég sem formaður samtakanna.

Starfssemi LL er komin vel á skrið. Verði rétt haldið á spílum næstu árin verða samtökin umræðuvettvangur margra stórra ákvarðana sem allar stefna að sama marki - að bæta hag allra þeirra fjölmörgu einstaklinga sem eiga eftir að njóta þægilegs ævi- kvölds í skjóli íslensku lífeyrissjóðanna.

Þórir Hermannsson

STOFNFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Stofnfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík 18. desember 1998. Halldór Björnsson stjórnaði fundi en fundarritari var Margeir Daníelsson. Fjöldmennni var á fundinum.

Þorgeir Eyjólfsson, formaður Landssambands lífeyrissjóða, setti fundinn og Hallgrímur Gunnarsson, formaður Sambands almennra lífeyrissjóða, greindi frá aðdraganda að stofnun samtakanna.

Þá flutti Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður Geirs H. Haarde, fjármálaráðherra, ávarp í forföllum hans og Koen De Ryck fyrrverandi fulltrúi EFRP í Brussel og núverandi ráðgjafi Evrópusambandsins í lífeyrismálum flutti erindi. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Sambands almennra lífeyrissjóða gerði grein fyrir tillögum að samþykktum samtakanna

Kjörin var stjórn og varastjórn samtakanna og einnig fór fram kjör löggilts endurskoðanda. Samþykkt var tillaga um þóknun stjórnar og ákvörðun tekin um árgjald til samtakanna. Í lok fundar var greint frá skipan fulltrúaráðs samtakanna. Að loknum stofnfundi var boðið til kvöldverðar.

HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Hlutverk samtakanna er:

- Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri mynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka lífeyrissjóða.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.





STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna, sem kosin var á stofnfundinum 18. desember 1998, er þannig skipuð:

Þórir Hermannsson, formaður
Haukur Hafsteinsson, varaformaður
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, ritari
Arnar Sigurmundsson
Árni Guðmundsson
Margeir Daníelsson
Víglundur Þorsteinsson og
Þórólfur Árnason.

Vararstjórnin er þannig skipuð: Eiríkur Benjamínsson, Haukur Þór Haraldsson, Jóhannes Siggeirsson, Jón Guðmundsson, Kári Arnór Kárason, Magnús L. Sveinsson, Pétur Sigurðsson og Sigurbjörg Björnsdóttir.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 20 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktu samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, sími 581-4209, fax 581-4332. Skrifstofuhald er í samrekstri með Reiknistofu lífeyrissjóða. Skrifstofa LL mun flytja í sumar að Sætúni1, Reykjavík. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er ll@ll.is. Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Stjórn og framkvæmdastjóri LL. Talið frá vinstri neðri röð: Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Þórir Hermannsson og Haukur Hafsteinsson. Efri röð frá vinstri: Hrafn Magnússon, Árni Guðmundsson, Arnar Sigurmundsson, Margeir Daníelsson og Þórólfur Árnason. Á myndina vantar Víglund Þorsteinsson.

FRÆÐSLUFUNDIR

Fjölmargin fræðslufundir hafa verið haldnir á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða. Á síðasta ári stóð LL fyrir allmörgum fundum í fundar-röðinni sem kallaðist: „Lífeyrissjóðir í breyttu starfsumhverfi.“ Fundurnir voru ætlaðir starfsfólki og stjórnnum lífeyrissjóðanna. Verður nú vikið að umræðuefni fundanna og framsögumönnum:

„Fjármálaeftirlitið og lífeyrissjóðirnir.“ Framsögumaður Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

„Lífeyrissjóðir og upplýsingagjöf hlutafélaga.“ Framsögumenn Stef-án Halldórsson, framkvæmdastjóri Verðbréfabings Íslands og Bjarni Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Verðbréfamiðlunar Framsýnar ehf.

„Framkvæmd laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.“ Framsögumaður Áslaug Guðjónsdóttir, Hermann Jónasson og Tómas Möller, lögfræðingar í fjármálaráðuneytinu.

„Greiðslugeta lántakenda – hver eru hættumerkin – hvers ber að varast?“ Framsögumaður Elín Sigrún Jónsdóttir, forstöðumaður Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna.

„Hvernig er hægt að viðhalda hagsæld í þjóðfélögum, þar sem öldruðum fer fjölgandi?“ Framsögumaður Howard Oxley, hagfræð-ingur hjá OECD.

Á þessu ári efndi Landssamtök lífeyrissjóða til námskeiðs um lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, fjallaði m.a. um aðild að lífeyrissjóðum, lágmarksiðgjald, eftirlit með greiðslu iðgjalda, iðgjaldsstofn, iðgjaldagreiðslutímabil, lágmarkstryggingarvernd, upplýsingaskyldu og endurgreiðslu iðgjalda.

Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur, fjallaði m.a. um lágmarks-tryggingarverndina, skiptingu ellilífeyrisréttinda milli hjóna, um almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar, tryggingafræðilegar athuganir og eftirlit, slit og samruni.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri ALVÍB, ræddi m.a. um við-bótartryggingarvernd og séreignarsparnað, fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, ársreikninga og endurskoðun.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs sjómanna, fjallaði m.a. um starfsleyfi lífeyrissjóða, rekstur og innra eftirlit, þ.á.m. um hlutverk stjórna og framkvæmdastjóra, ákvæði um lífeyr-issjóði sem starfa við gildistöku laganna, ýmiss ákvæði og bráða-birgðaákvæði laganna.



Á fræðslufundi LL í mars s.l. voru eftirtalin mál tekin fyrir:

„Íslenska leiðin.“ Stefán Ólafsson, prófessor og forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, fjallaði um íslensku leið-ina um skipan velferðarríkisins og árangur í velferðarmálum Íslend-inga, með víðtækum samanburði við aðrar þjóðir.

„EES-samningurinn og staða lífeyrissjóðanna gagnvart honum. - Almannatryggingareglur EES-samningsins sem taka til lífeyrissjóð-anna.“ Framsögu höfðu þær Hildur Sverrisdóttir, lögfræðingur í alþjóðadeild Tryggingastofnunar ríkisins og Vilborg Hauksdóttir, lögfræðingur í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

„Nýr örorkustaðall og endurhæfingarátak Tryggingastofnunar ríkis-ins.“ Framsögumenn voru þeir Sigurður Thorlacius, tryggingayfir-læknir og Haraldur Jóhannsson, tryggingalæknir. Lýst var nýjum staðli fyrir örorkumat hér á landi, sem gildir fyrir Tryggingastofnun ríkisins, þar sem ekki er lengur tekið tillit til félagslegra aðstæðna umsækjenda örorkulífeyris. Þá var skýrt frá tengdum breytingum á almannatryggingalöggjöfinni varðandi endurhæfingu, nýstofnað endurhæfingarmatsteymi og þjónustusamninga vegna starfrænnar endurhæfingar.



SAMSTARFSVERKEFNI UM FRAMPRÓUN VERÐBRÉFAMARKAÐARINS

Ýmsir helstu aðilar verðbréfamarkaðarins hafa tekið höndum saman um sérstakt samstarfsverkefni um framþróun markaðarins. Landssamtök Lífeyrissjóða eiga aðild að þessu samstarfsverkefni.

Fjórir málefnaþópar, skipaðir fulltrúum af verðbréfamarkaðinum, hafa þegar tekið til starfa og munu fljótlega ljúka störfum. Þessi málefnaþópar fjalla m.a. um samkeppnishæfni markaðarins, um starfshætti og viðskiptahætti, um skráningarkröfur, upplýsingaskyldu og yfirtökureglur og um markaðssetningu til fjárfesta. Aðild að samstarfsverkefninu eiga Landssamtök Lífeyrissjóða, Verslunaráð Íslands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Fjármálaeftirlitið, Verðbréfabæing Íslands hf og Samtök fjármálafyrirtækja.

Framþróun verðbréfamarkaðar hefur verið hröð á Íslandi að undanförunu og margvísleg viðfangsefni á því sviði hafa vakið umræður. Flestum er orðið ljóst hversu mikilvæg þessi þróun er fyrir efnahag og lífshæð í landinu. Miklu máli skiptir að hagsmunaaðilar og þeir aðrir sem búa yfir reynslu og sérþekkingu geti haft sameiginleg áhrif á þróunina og lagt fram málefnalegan skerf einmitt meðan verðbréfamarkaðurinn er í örri mótun og vexti. Fjöldi manna hefur komið að undirbúningi samstarfsverkefnisins. Í sumar er í ráði að meta árangurinn og ákveða frekari áfanga í samstarfsverkefninu.

MERKI LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Á síðasta ári var gengið til samninga við Hvíta húsið um gerð merkis fyrir samtökin.

Emil H. Valgeirsson, auglýsingateiknari, hannaði merkið. Lýsing hans á merkinu er þannig:



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

„Merkið er í heild einfalt og stílhreint, auðvelt að muna og ber vott um tign og festu. Merkið er byggt upp á tveimur bókstöfum („ellum“) og gulum hringfleti. Bókstafirnir tákna upphafsstaf í orðum samtakanna en um leið mynda þeir eina heild sem gefur skilaboð um samstöðu og einingu innan landssamtakanna.

Ellin eru bogin, sem gefur mýkt og fágun í merkið og er í samræmi við einfaldleika alls merkisins. Í bókstafina voru valdir tveir tónar af grænum lit en grænn er rólegur og yfirvegaður litur, og minnir á náttúruna og nauðsyn þess að huga vel að framtíðinni.

Guli hringflöturinn táknar sól með örlitlum kvöldroða og minnir á ævkvöldið, auk þess hefur hann fagurfræðilegt hlutverk. Hann tengist líka hlutverki Lífeyrissjóða sem er að standa vörð um efnahag fólks, gera því kleift að njóta lífsins enn frekar.“



ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða hafa því gerst aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku European Federation for Retirement Provision, skammstafað EFRP.

Á fundi í Madrid, sem haldinn var um miðjan apríl s.l., voru stofnuð Heimssamtök lífeyrissjóðasambanda, World Pension Association (WPA). Þar sem Landssamtök lífeyrissjóða eru aðilar að EFRP fá þau sjálfkrafa aðild að hinum nýju samtökum. Stofnaðilar eru svæðisbundin samtök lífeyrissjóðasambanda og einstakra landsamtaka lífeyrissjóða. Aðsetur WPA verður í Madrid og er stjórnin skipuð fulltrúum EFRP og FIAP (Alþjóðasamtök stjórnenda lífeyrissjóða, aðallega í Suður-Ameríku og Austur-Evrópu), svo og fulltrúum frá Bandaríkjunum, Ástralíu og Thailandi.

FULLTRÚARÁÐ LL

Hver lífeyrissjóður innan Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefnir tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins. Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg markmið lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 5. október á síðasta ári. Þórir Hermannsson fór yfir helstu verkefni sem unnið hefur verið að á vegum LL og Þórólfur Árnason fór yfir stefnumótun samtakanna. Þá fluttu erindi þeir Hreinn Loftsson, hrl., formaður einkavæðinganefnar og Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, um hvaða hlutverki lífeyrissjóðir gegni í einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar.





UMSAGNIR UM FRUMVÖRP

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld og þingnefndir þeim sjónarmiðum, sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Þetta gerist m.a. með fjölmörgum fundum með starfsfólki ráðuneytanna og fjármálaeftirlitsins, svo og með fundarhöldum í þingnefndum, sérstaklega þó með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Á s.l. hausti flutti m.a. framkvæmdastjóri LL erindi á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þingsins um samspil skattkerfis og velferðarkerfis, með sérstöku tilliti til sjónarmiða lífeyrissjóðanna.

Verður nú getið nokkurra umsagna Landssamtaka lífeyrissjóða vegna lagafrumvarpa:

AUKNING FJÁRFESTINGARHEIMILDA LÍFEYRISSJÓÐA

Meginefni frumvarpsins fólst í breytingum á 36. gr. lífeyrissjóðalaganna á reglum um fjárfestingarheimildir.

Stjórn LL taldi að þær breytingatillögur gengu of skammt. Landsamtök lífeyrissjóða töldu nauðsynlegt að heimildir til að fjárfesta í hlutabréfum yrðu auknar úr 35% í 60% af hreinni eign sjóðanna og í erlendum gjaldmiðlum úr 40% í 60%.

Ljóst væri að þrátt fyrir rýmkun fjárfestingarheimilda sem frumvarpið gerði ráð fyrir, mundi senn draga úr möguleikum lífeyrissjóða til að nýta sér þá fjárfestingarkosti sem í boði væru. Það væri því álit Landssamtaka lífeyrissjóða, eftir könnun sem gerð hefði verið hjá stærri lífeyrissjóðunum, að strax á næsta ári mundu margir lífeyrissjóðir hafa náð 50% markinu, sem frumvarpið gerði ráð fyrir.

Með hliðsjón m.a. af einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar,

svo og sérstaklega góðri ávöxtun hlutabréfa á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum, væri ljóst að verulega gæti dregið úr ávöxtunarmöguleikum lífeyrissjóðanna strax á næsta ári. Þá væri ekki síður mikilvægt að huga að framþróun íslenska hlutabréfamákaðarins. Það væri mjög slæmt fyrir innlenda markaðinn og gæti haft í för með sér óeðlilegar verðlækkanir á innlendum hlutabréfum, ef eftirspurn lífeyrissjóðanna eftir hlutabréfum myndi stórlega dragast saman, þar sem lífeyrissjóðirnir gætu ekki nýtt sér þá fjárfestingarkosti sem í boði væru, þar sem þeir hefðu þá náð 50% markinu.

Með því að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna að þessu leyti upp í 60%, gæfist hins vegar aukið svigrúm að huga að framtíðarstöðu þessara mála við heildarendurskoðun lífeyrissjóðalaganna

SKATTALEG MEÐFERÐ ELLILÍFEYRISGREIÐSLNA

S.l. haust rituðu Landssamtök lífeyrissjóða ríkisskattstjóra bréf, þar sem óskað var eftir túlkun á því, hvort maki sjóðfélaga, sem gert hafi samkomulag um skiptingu ellilífeyrisréttinda, gæti nýtt sér að fullu persónuafslátt sinn við álagningu skatta.

Ríkisskattstjóri komist að þeirri niðurstöðu í svarbréfi sínu að sjóðfélagi í lífeyrissjóði skyldu vera skattskyldur af öllum ellilífeyrisgreiðslum, þótt um skiptingu á greiðslum væri að ræða milli hans og maka eða fyrrverandi maka, sbr. 1. tölulið 3.mg. 14. gr. laga nr. 129/1997.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða leitaði til Ólafs Nilssonar,



lögg. endurskoðanda. Ólafur taldi þessa niðurstöðu ríkisskattstjóra fráleita. Sérstaklega taldi Ólafur óeðlilegt að sjóðfélagi yrði skattskyldur af ellilífeyrisgreiðslum til fyrrverandi maka, sem makinn fengi samkvæmt samkomulagi, ef um er að ræða aðila sem slitið hafa fjárfélagi vegna skilnaðar.

Til að eyða allri óvissu um skyldur lífeyrissjóðanna til að halda eftir staðgreiðslu af lífeyri og ekki síður fyrir sjóðfélagi, sem gert hafa eða munu gera samninga samkvæmt lögnum, lagði LL fram tillögur til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignaskatt.

Með tillögnum voru tekin af öll tvímæli um að ellilífeyrisgreiðslur skyldu skattleggjast í öllum tilvikum hjá viðtakendum greiðslna. Nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tóku vel í þessa málaletan LL og voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um tekjuskatt og eignaskatt, sem tóku af öll tvímæli varðandi skattalega meðferð við skiptingu ellilífeyris á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997.

UM GREIÐSLU KOSTNAÐAR VIÐ FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ.

Landssamtök lífeyrissjóða lögðu áherslu á í umsögn sinni að allar líkur væru á því að breyta þyrfti árlega á Alþingi hlutföllum álagningar vegna kostnaðar við Fjármálaeftirlitið, eins miklar sveiflur og væru á rekstri og eignum eftirlitsskyldra aðila. Í því sambandi var bent á að eignir lífeyrisjóða mundu halda áfram að aukast langt umfram almennar verðlagsbreytingar. Því væri mjög þýðingarmikið að árlega færi fram á Alþingi leiðréttingar til lækkunar á álagningarunni lífeyrissjóðanna

Landssamtök lífeyrissjóða töldu mikilvægt að þannig verði hagað málum að kostnaður við Fjármálaeftirlitið færi ekki út böndum og að eftirlitsstarfsemi yrði að mestu leyti hjá lífeyrissjóðunum sjálfum, enda gerðu lög nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda ráð fyrir að umfangsmikið innra eftirliti væri hluti af skipulagi sjóðanna og þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Það væri því skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða að Fjármálaeftirlitið ætti fyrst og fremst að hafa eftirlit með því að hinu lögboðna innra eftirliti sjóðanna væri framfylgt og að alls ekki yrði búið til tvöfalt innra eftirlit með sjóðunum á vegum Fjármálaeftirlitsins.

UM BREYTINGU Á LAGAÁKVÆÐUM UM FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ.

Landssamtök lífeyrissjóða lýstu sig sérstaklega andsnúin ákvæðum frumvarpsins um dagsektir og stjórnvaldssektir. Sérstaklega væri hámark dagsekta, þ.e. 5 milljónir á dag, talin alltof há fjárhæð, auk þess sem óeðlilegt væri að við ákvörðun sektanna væri heimilt að miða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri lífeyrissjóðanna, s.s. eignum eða iðgjöldum, svo og við fjárhagslegan styrk þeirra.

Landssamtök lífeyrissjóða lögðu til að frumvarpið yrði ekki samþykkt. Það ætti að vera kappsmál fyrir stjórnvöld að þessum málum verði komið í viðunandi horf í sátt við þá aðila sem greiða að fullu

kostnað við rekstur Fjármálaeftirlitsins í stað þess að auka heimildir eftirlitsins til refsinga og stjórnvaldssekta.

UM FRÁDRÁTTARBÆRNI LÍFEYRISSJÓÐSÍÐGJALDA O.FL.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu í umsögn sinni eðlilegt að öll iðgjöld til lífeyrissjóða eða í viðbótarlífeyrissparnað væru frádráttarbær til skatts, hvort sem um væri að ræða framlag launþegans eða vinnuveitandans, enda væri um að ræða frestun á skattgreiðslum, þar til að lífeyristöku kæmi, en ekki skattfrelsi, eins og lesa mátti í athugasemdum frumvarpsins. Óþarfi væri að hafa einhverja takmarkanir á þessum framlögum vegna skattfrestunar, eins og lagt var til í frumvarpinu, bæði með 20% hlutfallinu og ekki síður með fjárhæðartakmörkunum, sem miðuðust við 625 þús. kr. mánaðarlaun að meðaltali.

Þá var enn fremur varað við öllum tillögum í þá veru að telja lífeyrisframlög vinnuveitenda sem launatekjur hjá launþegum. Slíkt væri andstætt þeirri framkvæmd sem tíðkast hefði í áratugi og gæfist hefði vel á almennum vinnumarkaði enda í samræmi við ákvæði kjarasaminga. Tæknileg vandamál varðandi skattalega meðferð lífeyrisiðgjalda mættu því ekki verða til þess að skapa mismæmi, óvissu, tvísköttunarhrif og önnur hliðstæð vandamál hjá almennu launafólki.





STEFNUMÖRKUN LL

Stjórn LL vann að umfangsmikilli stefnumótunarvinnu á síðasta ári. Var stefnumótunin kynnt á fulltrúaráðsfundi samtakanna s.l. haust, en auk þess var gefinn út kynningarbæklingur um samtökin og um stöðu lífeyrismála og framtíðasýn. Meðal þess sem fjallað var um í stefnumótuninni var staðan í dag, framtíðarsýn og helstu verkefni samtakanna. Þetta kom m.a fram:

STIKLAÐ Á STÓRU UM VERKEFNI LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Styrkja og efla lífeyriskerfið

- Hafa frumkvæði gagnvart stjórnvöldum, stjórnmalaflokkum og þingnefndum við endurskoðun laga um skyldutryggingu laga og starfsemi lífeyrissjóða.
- Miðla upplýsingum um lífeyrissjóðakerfið og mikilvægi þess til samninganefnda samtaka á vinnumarkaði í kjarasamningum.
- Fylgjast með hvort og hvernig viðhorf landsmanna til lífeyrissjóða breytast.
- Miðla upplýsingum til fjölmiðla og auglýsa í fjölmiðlum til að efla ímynd lífeyriskerfisins.

Efla innra starf og rekstrarumhverfi lífeyrissjóða

- Efna til námskeiða, málþinga og funda fyrir stjórnir og starfsfólk lífeyrissjóða um lífeyrisréttindi, ábyrgð og starfsemi sjóðanna.
- Koma á framfæri upplýsingum um stöðu og þróun lífeyrismála erlendis og fjárfestingakosti íslenskra lífeyrissjóða erlendis, ekki síst á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta verði m.a. gert með aðstoð fyrirlesara erlendis frá.
- Kanna aðkomu lífeyrissjóðanna að verðbréfamarkaðnum, þannig að þeir búi við sambærilega stöðu og þingaðilar.

Auka fræðslu sjóðfélaga

- Láta útbúa kennslu- og leiðbeiningarefni fyrir námskeið á vegum lífeyrissjóðanna.
- Stuðla að fræðslustarfi um lífeyrismál á vinnustöðum, trúnaðarmannanámskeiðum og öðrum samkomum þar sem slíkt á heima.
- Nota heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða markvisst í fræðslu- og upplýsingastarfinu.

Samspil lífeyriskerfis og almannatrygginga

- Landssamtök lífeyrissjóða láti gera sjálfstæða úttekt á samspili bóta almannatrygginga og lífeyrissjóða og hafi til þess samráð við hagsmunasamtök á vinnumarkaðnum.

NÝTT SAMKOMULAG UM SAMSKIPTAREGLUR LÍFEYRISSJÓÐA

Eftir stofnun Landssamtaka lífeyrissjóða skipuðu samtökin nefnd til að gera tillögur um breytingar á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða, m.a. með tilliti til ákvæða laga nr. 129/1997, sem öðluðust gildi 1. júlí 1998.

Samskiptasamkomulag lífeyrissjóða hefur frá upphafi verið ætlað fyrir sjóði með mismunandi réttindavinnslu, stigastjóði jafnt sem sjóði opinberra starfsmanna, framreikningssjóði jafnt sem þá, sem ekki framreiknuðu réttindi, sjóði með mismunandi ellilífeyrisaldur o.s.frv.

Í febrúar 1999 sendi LL þeim sjóðum, sem aðild eiga að samkomulaginu, drög að tillögum sínum um nýtt samkomulag. Ábendingar bárust, bæði um efnisatriði og orðalag samkomulagsins, og var í framhaldi af því gerðar nokkrar breytingar á hinum útsendu drögum.

Bent hefur verið á, að ýmis ákvæði samkomulagsins séu tyrfín. Undir þetta skal tekið, en vandamál, sem til úrlausnar koma, eru svo margvísleg og oft og tíðum flókin, að vandséð er, hvernig unnt er að einfalda ákvæði samkomulagsins án þess að um leið fjölgi þeim spurningum, sem það veitir ekki svör við.

Rætt hefur verið um, hvort ástæða sé til að skilgreina í samkomulaginu, hvaða lífeyrissjóðir eða deildir sjóða geti átt aðild að því. Niðurstaðan hefur orðið sú, að engin brýn þörf sé fyrir slíkt ákvæði og rétt sé að það verði látið bíða síðari tíma.

Helsta efnisbreyting, sem í nýja samkomulaginu felst, er sú breyting að þriggja stiga markið er færð niður í tvö stig. Aðrar minni háttar efnisbreytingar, sem ekki þarfnast skýringa, má rekja til laganna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og stofnunar hinna nýju Landssamtaka lífeyrissjóða.

ÖNNUR VERKEFNI

- Í samstarfi við Vátryggingafélag Íslands hf. og Howden Insurance Brokers í London hafa Landssamtök lífeyrissjóða unnið að sértækri vátryggingarvernd, sem kvæði á um fjárhagslega vernd (Theft and Infidelity), um starfsábyrgðarvernd (Professional Indemnity) og vernd fyrir stjórnarmenn og starfsmenn (Directors & Officers Liability). Verndin nærði til allra lífeyrissjóða sem aðild eiga að Landssamtökum lífeyrissjóða, svo og til starfsfólks þeirra og stjórnarmenn. Með sameiginlegri vernd fást mun lægri iðgjöld en fengjust ef einstakir sjóðir keyptu sér vátryggingavernd beint. Þá yrði vátryggingafjárhæð jafnframt verulegra hærrí. Um mjög hagstæða tryggingu gæti því verið um að ræða fyrir lífeyrissjóði innan LL.
- Landssamtök lífeyrissjóða hafa ávallt lagt áherslu á að vinna með stjórnvöldum að ýmiss konar samstarfsverkefnum, svo sem samningu reglugerða og leiðbeininga um málefni sem varða lífeyrissjóðina. Þannig vann nefnd á vegum LL að endurkoðun á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða í samstarfi við Fjármálaeftirlitið, sem gefur reglurnar út. Þá var nefnd á vegum LL ráðgefandi aðili gagnvart fjármálaráðuneytinu vegna leiðbeininga til lífeyrissjóða um skiptingu makalífeyrisréttinda milli hjóna. Fulltrúar LL eiga einnig sæti í starfshóp sem ríkis-

skattstjóri hefur skipað um eftirlit embættisins með greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða.

- Á síðasta ári tóku LL þátt í sérstöku kynningarátaki með fjármálaráðuneytinu og ýmsum aðilum á fjármagnsmarkaði undir kjörorðinu „Léttari lífeyrissparnaðar“, þar sem lögð var áhersla á frjálstan viðbótarlífeyrissparnað. Því miður hafa færri tekið þátt í þessum sparnaði en vonir stóðu til. Í könnun sem fyrirtækið PriceWaterhouseCoopers gerði í ársbyrjun fyrir fjármálaráðuneytið á þátttöku almennings í viðbótarlífeyrissparnaði kom þó fram að rúmlega 27% þjóðarinnar nýta sér nú þegar möguleikann á viðbótarsparnaðinum. Jafnframt kom fram að 44% þeirra sem spurðir voru töldu mjög eða frekar líklegt að þeir myndu nýta sér þann möguleika að verja hærra hlutfalli af skattskyldum tekjum til viðbótarlífeyrissparnaðar, ef slíkt væri heimilt. Nú hefur almennt í kjarasamningum verið samið um sérstakt framlag launagreiðenda í viðbótarlífeyrissparnað, auk þess sem launþegum er nú heimilt að draga allt að 4% frá launum sínum í slíkan sparnað og draga þá fjárhæð frá skattskyldum tekjum. Á sama hátt getur launagreiðandi greitt til viðbótar inn á reikning launamannsins allt að 0,4% af launum sem kemur til lækkunar á tryggingagjaldi hans. Standa vonir til að hinn fjálsi viðbótarlífeyrissparnaður aukist til muna eftir þessar breytingar.





- Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eru mörg merk nýmæli. Eitt ákvæði laganna hefur þó ekki verið kynnt nægjanlega fyrir almenningi og er hér átt við heimildir sjóðfélaga í lífeyrissjóðum að skipta ellilífeyrisréttindum.

Ákvæði laganna um skiptingu ellilífeyrisréttindanna er þrjúþætt. Í fyrsta lagi er skipt samtímagreiðslu ellilífeyris. Í öðru lagi er skipting á þegar áunnum ellilífeyrisréttindum. Í þriðja lagi er um að ræða skiptingu þeirra ellilífeyrisréttinda sem munu ávinnast eftir að umrætt samkomulag er gert. Skiptingin getur því varðað réttindi í nútíð, fortíð og framtíð.

Landssamtök lífeyrissjóða hafi látið útbúa sérstök samnings-eyðublöð um skiptingu ellilífeyrisréttindanna í samræmi við framanskráð. Því miður hafa fáir sjóðfélagar notfært sér þetta ákvæði í lögnum og er því nú á vegum LL unnið að gerð kynningarefnis um þessa skiptingu.

- Landssamtök lífeyrissjóða hafa sent tölvunefnd til skoðunar og staðfestingar tillögur sínar um meðferð heilsufarslegra upplýsinga hjá sjóðunum. Samkvæmt tillögnum er starfsfólki lífeyrissjóðanna ekki heimilt að afhenda umsækjanda heilsufarsleg gögn nema með leyfi læknis. Tillögurnar hafa verið unnar í samvinnu við tryggingayfirlækni.

Við meðferð heilsufarslegra upplýsinga fyrir lífeyrissjóði skal þess gætt að þær séu

- a) Unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga.
- b) Fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Frekari vinnsla í fræðilegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt.
- c) Nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.
- d) Áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta.
- e) Varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

Þá eru ákvæði í tillögnum um að starfsfólk viðkomandi lífeyrissjóðs sé ekki heimilt að afhenda umsækjanda eða umboðsmanni hans heilsufarsleg gögn sem hann varða nema með leyfi trúnaðarlæknis sjóðsins. Þá er ennfremur í tillögnum ýmiss önnur ákvæði, svo sem hverjir hafa aðgang að heilsufarsleg gögnum, um varðveislu þeirra og þagnarskyldu starfsfólks.

AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðildarsjóðir	Höfuðstóll 31.12.1998 þús. króna	Hlutfall af heild í %
Lsj. verzlunarmanna	60.859.823	15,38%
Lsj. starfsmanna ríkisins	39.840.415	10,07%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	36.889.116	9,32%
Lífeyrissjóður sjómanna	32.018.393	8,09%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	30.829.390	7,79%
Lífeyrissjóður Norðurlands	14.796.323	3,74%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	14.658.915	3,70%
Lsj. bankamanna	14.242.356	3,60%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	12.055.751	3,05%
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	11.328.356	2,86%
Lífeyrissjóður Austurlands	11.327.796	2,86%
Lífeyrissjóður bænda	9.900.850	2,50%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	9.791.024	2,47%
Lífeyrissjóður lækna	8.906.129	2,25%
Lífeyrissjóður Suðurnesja	8.211.072	2,07%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	7.749.803	1,96%
Lsj. verkfræðinga	7.450.892	1,88%
Lífeyrissjóður Vesturlands	5.482.531	1,39%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	5.437.658	1,37%
E. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	5.379.294	1,36%
Eftirlaunasjóður FÍA	5.289.686	1,34%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	4.632.716	1,17%
Almennur lífeyrissjóður VÍB	4.405.226	1,11%
Lsj. Suðurlands	3.921.718	0,99%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	2.688.006	0,68%
Lífeyrissjóður KEA	2.501.464	0,63%
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Ísl.	2.328.986	0,59%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	2.314.143	0,58%
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	2.150.288	0,54%
Lsj. Eining	2.002.557	0,51%
Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	1.693.764	0,43%
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	1.683.730	0,43%
Lífeyrissjóður Rangæinga	1.417.460	0,36%
Eftirlaunasj. slökkvil.m. á Keflav.flugv.	1.340.443	0,34%
Lsj. blaðamanna	1.309.040	0,33%
Lsj. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	1.083.640	0,27%
Lsj. Mjólkursamsölnunnar	1.057.978	0,27%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfj.	948.064	0,24%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	865.113	0,22%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	853.427	0,22%
Lsj. verkafólks í Grindavík	819.906	0,21%
Lsj. Akraneskaupstaðar	653.442	0,17%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	619.041	0,16%
E. starfsmanna Olíuverzlunar Íslands	535.623	0,14%
Séreignalífeyrissjóðurinn	439.324	0,11%
Lsj. stm. Áburðarverksm. ríkisins	433.260	0,11%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	375.827	0,09%
Lsj. Neskaupstaðar	153.042	0,04%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	93.613	0,02%
Lsj. starfsmanna sveitarfélaga	56.447	0,01%
Samtals í LL	395.766.414	100,00%



**LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
ÁRSREIKNINGUR 1999**



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGINN

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998 og hófu starfsemi í ársbyrjun 1999. Landssamtök lífeyrissjóða yfirtóku starfsemi Landssambands lífeyrissjóða og Sambands almennra lífeyrissjóða. Aðild að samtökunum eiga þeir sjóðir sem áttu aðild að samböndunum, ásamt flestum öðrum starfandi lífeyrissjóðum í landinu. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 18,1 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 1,0 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 22,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé við stofnun var 20,4 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 1999 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2000.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Þórir Hermannsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Víglundur Þorsteinsson

Þórólfur Árnason

Árni Guðmundsson

Arnar Sigurmundsson

Haukur Hafsteinsson

Margeir Daníelsson

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og aðildarsjóðir Landssamtaka Lífeyrissjóða.

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 9. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landssamtaka Lífeyrissjóða á árinu 1999, efnahag þeirra 31. desember 1999 og breytingu á handbæru fé á árinu 1999, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 14. mars 2000.

Heimir Haraldsson

Sæmundur Valdimarsson

KPMG Endurskoðun hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1999

	Skýr.	
REKSTRARTEKJUR:		
Árgjöld	3	18.106.909
		<u>18.106.909</u>
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	8	10.145.872
Annar rekstrarkostnaður	9	7.751.316
Afskriftir	4	427.659
		<u>18.324.847</u>
Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(217.938)
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):		
Vaxtatekjur		2.030.832
Arður og söluhagnaður eignarhluta		204.588
Vaxtagjöld		(22.966)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		(1.032.473)
		<u>1.179.981</u>
Hagnaður	6,7	<u>962.043</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

	Skýr.	
FASTAFJÁRMUNIR:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Bifreið		950.463
Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður		281.630
	4	<u>1.232.093</u>
Áhættufjármunir:		
Hlutabréfaeign	5	<u>594.115</u>
		<u>1.826.208</u>
		Fastafjármunir
VELTUFJÁRMUNIR:		
Skammtímakröfur		826.398
Handbært fé		22.298.357
		<u>23.124.755</u>
		Veltufjármunir
		<u>24.950.963</u>
		Eignir samtals
		<u><u>24.950.963</u></u>

31. DESEMBER 1999

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	
Eigið fé	6,7	<u>22.569.372</u>
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>2.381.591</u>
	Skuldir samtals	<u>2.381.591</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>24.950.963</u></u>



YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 1999

	Skýr.	
REKSTRARHREYFINGAR:		
Hagnaður ársins	6	962.043
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	4	427.659
Söluhagnaður hlutabréfa		(176.299)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	1.032.473
		<u>2.245.876</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, hækkun		(826.398)
Skammtímaskuldir, hækkun		2.381.591
.....Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>1.555.193</u>
		<u>3.801.069</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(183.801)
Söluverð hlutabréfa		1.032.170
		<u>848.369</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:		
Innborgað stofnfé		17.648.919
		<u>17.648.919</u>
Hækkun á handbæru fé		22.298.357
Handbært fé við stofnun		<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>22.298.357</u>

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAÆFERÐIR

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.
2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs innan ársins, sem var 5,6%.

Varanlegir rekstrarfjármunir og eignarhlutir í félögum eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 1999. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 1,0 millj. kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í árslok og rekstrarárangur ársins á meðalverðlagi.

Endurmatshækkun eigna og verðbreytingarfærsla eru færð í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 6.

3. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldtekjur þeirra á árinu 1999. Árgjöldin eru 0,075% af lágmarksíðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0035% af hreinni eign í árslok 1998.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

4. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Bifreið	Áhöld, inn- réttingar og tölvubúnaður	Samtals
Viðbót á árinu	1.200.000	383.801	1.583.801
Endurmat á árinu	58.629	17.322	75.951
Afskrifað á árinu	(308.166)	(119.493)	(427.659)
Bókfært verð 31.12.1999	<u>950.463</u>	<u>281.630</u>	<u>1.232.093</u>
Afskriftahlutföll	25%	33%	

ÁHÆTTUFJÁRMUNIR

5. Hlutabréfaeign er færð á framreiknuðu kostnaðarverði. Félagið á 11,3% hlutafjár í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.



SKÝRINGAR, FRH.:

EIGIÐ FÉ

6. Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Stofnfé	20.434.550		20.434.550
Hagnaður ársins		962.043	962.043
Endurmatshækkun varanlegra rekstrarfjármuna		75.951	75.951
Endurmatshækkun hlutabréfaeignar		64.355	64.355
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		1.032.473	1.032.473
Endurmat stofnfjár	1.145.759	(1.145.759)	
Eigið fé 31.12.1999	<u>21.580.309</u>	<u>989.063</u>	<u>22.569.372</u>

7. Eigið fé samtakanna við stofnun nam 20,4 millj. kr. sem jafngildir 21,6 millj. kr. í lok ársins miðað við 5,6% verðlagsbreytingu innan ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé 22,6 millj. kr. í árslok eða 1,0 millj. kr. hærra en í ársbyrjun miðað við verðlag í árslok 1999. Breytingin greinist þannig:

	Samkvæmt ársreikningi	Á verðlagi 31.12.1999
Stofnfé	20.434.550	21.580.309
Hagnaður ársins	962.043	989.063
Endurmat eigna að viðbættri verðbreytingarfærslu	1.172.779	
Eigið fé 31.12.1999	<u>22.569.372</u>	<u>22.569.372</u>

SUNDURLIÐANIR

8. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	8.480.172
Tryggingagjald	534.514
Lífeyrисиðgjöld	1.047.576
Tryggingar starfsfólks	83.610
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>10.145.872</u>

Á árinu starfaði að meðaltali einn starfsmaður hjá Landssamtökum lífeyrissjóða. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 8,5 millj. kr. á árinu.

SKÝRINGAR, FRH.:

9. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	
Húsaleiga	259.757
Annar húsnæðiskostnaður	272.903
Pappír, prentun, ritföng	1.104.435
Símakostnaður	70.886
Burðargjöld	53.810
Bækur, blöð og tímarit	195.222
Aðkeypt þjónusta	763.160
Sérfræðiþjónusta	1.426.370
Tölvuþjónusta	159.091
Rekstur bifreiðar	479.584
Ferðakostnaður	161.323
Fundir, ráðstefnur, námskeið	692.642
Fræðslumál	1.606.725
Félagsgjöld	376.586
Annar kostnaður	128.822
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>7.751.316</u>

